

Breytingar á stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs

Leiðbeiningar

Maí 2020



Efnisyfirlit

Inngangur	1
Tillaga að ferli og nálgun við gerð breytingartillögu	1
1. VERKEFNISLÝSING: EFNI OG NÁLGUN VIÐ BREYTINGU	1
2. GREINARGERÐ: TILLAGA OG UMHVERFISMAT BREYTINGAR	3
3. AUGLÝSING BREYTINGARTILLÖGU, UMSAGNAR- OG ATHUGASEMDAFRESTUR	5
4. LOKAAFGREIÐSLA	6
Viðauki vegna stækkunar	6
Greining á forsendum með landupplýsingum	7



A0662-020-U01

Inngangur

Að beiðni Vatnajökulsþjóðgarðs er hér sett fram tillaga að nálgun við mótun breytinga á stjórnunar- og verndaráætlun (hér eftir nefnd S&V). Tillagan er sniðin út frá þeirri málsmeðferð sem lýst er í lögum og reglugerð um Vatnajökulsþjóðgarðs (sbr. 12. gr. laganna) og miðar við að beitt sé aðferðum umhverfismats við tillögugerðina, sbr. leiðbeiningar Skipulagsstofnunar þar um.¹ Tilgangurinn er að stuðla að samræmdri vinnslu og framsetningu breytingatillagna og gegnsærri röksemdafærslu þeirra með því að draga fram forsendur og áhrif með kerfisbundnum hætti líkt aðferðir umhverfismats gera ráð fyrir. Þannig fæst góður grunnur fyrir málefnalega rökræðu innan stjórnar og svæðisráða og í samtali við hina ýmsu hagsmunaaðila.

Tillaga að ferli og nálgun við gerð breytingartillögu

Vinnan skiptist í tvo megin áfanga: 1) gerð verkefnislýsingar og 2) vinnslu greinargerðar sem innfelur sjálfa breytingartillöguna og umhverfismat hennar. Hægt er að vinna verkefnislýsingu þannig að kaflar hennar séu drög að samsvarandi köflum í greinargerð breytingatillögunnar, sbr. tillögu hér að efnisyfirliti fyrir lýsingu og greinargerð.

Tilgangurinn með gerð lýsingar er að tryggja að allir sem hagsmuna eiga að gæta, eða munu þurfa að gefa umsögn um breytinguna sjálfa, séu upplýstir um það hvað stendur til og hafi um leið tækifæri til að koma með gagnlegar ábendingar.

1. VERKEFNISLÝSING: EFNI OG NÁLGUN VIÐ BREYTINGU

A. Vinnsla lýsingar

Svæðisráð eða stjórn hefur frumkvæði að gerð breytingar og byrjar á að útbúa verkefnislýsingu (sambærilega við [skipulagslýsingu](#)² og [matslýsingu](#)³). Í lýsingu komi fram:

- a. **Í hverju breytingin felst**, þ.e. hvert efni hennar er, til hvaða svæðis hún nær og hver aðdragandi hennar, tilgangur og markmið er. Ef þegar liggur fyrir raunhæfur valkostur við efni breytingar sem hægt er að bera saman við þann sem lagður er til m.t.t. áhrifa á umhverfi og samfélag, er honum lýst. Valkostir geta t.d. varðað landnotkun eða staðsetningu s.s. mismunandi landnotkun fyrir tiltekið svæði eða mismunandi staðsetningu fyrir tiltekna landnotkun eða framkvæmdaáform og umgengnisreglur. Hafa þarf í huga að eftir því sem tillögugerðinni miðar áfram kunna fleiri valkostir að koma til álita.
- b. **Hvort breytingartillagan fellur undir lög** um [mat á umhverfisáhrifum](#)⁴ en gert er ráð fyrir að það ferli sem hér er lýst sé notað hvort heldur viðkomandi breyting fellur undir þessi lög eða ekki.

¹ Skipulagsstofnun 2010: Leiðbeiningablað 10. [Umfang og áherslur í umhverfismati](#).

Skipulagsstofnun 2010: Leiðbeiningablað 11. [Umhverfisskýrsla](#).

Skipulagsstofnun 2007: [Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana](#).

² Skipulagsstofnun 2016: [Lýsing fyrir skipulagsáætlun](#).

³ Skipulagsstofnun 2010: Leiðbeiningablað 10. [Umfang og áherslur í umhverfismati](#).

⁴ Sbr. III. kafla laganna sem fjalla um matsskyldu.

- c. **Hvaða aðrar áætlanir eða stefnuskjöl tengjast breytingunni og hvernig.** Dæmi eru: Aðalskipulag í viðkomandi sveitarfélagi, deiliskipulag á breytingasvæðinu eða nálægt því, aðrar áætlanir eða önnur stefnuskjöl sveitarfélaga s.s. á sviði umhverfis- og byggðamála og áætlanir á landsvísu eins og [landsskipulagsstefna](#) og [samgönguáætlun](#).
- d. **Hvaða helstu umhverfisþættir skipta máli** vegna breytingarinnar, þ.e. þeir þættir sem ætla má að verði fyrir verulegum áhrifum af breytingunni, s.s. samfélag, heilbrigði manna, dýr, plöntur, líffræðileg fjölbreytni, jarðvegur, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar, eignir, menningararfleifð/minjar og landslag.⁵ Í [umhverfisskýrslu](#) með fyrstu S&V (kafla 6.3) eru skilgreindir undirþættir sem nýta mætti til að skilgreina nánar þá umhverfisþætti sem helst varða breytinguna.⁶
- e. **Hvað einkennir staðhætti og umhverfisaðstæður** á því svæði sem breytingin nær til, með áherslu á þá umhverfisþætti sem eru líklegir til að verða fyrir verulegum áhrifum vegna breytingartillögunnar. Draga þarf fram umhverfisvandamál ef einhver eru og taka fram hvaða fyrirliggjandi gögn verða nýtt við vinnslu tillögu og umhverfismat og hvort aflað verður nýrra gagna.
- f. **Hvaða efnisatriði breytingartillögunnar gætu haft áhrif** á helstu umhverfisþætti, miðað við drög að tillögu. Dæmi um efnisatriði (áhrifavalda): Breytt landnotkun, stækkun þjónustusvæðis, aukið aðgengi fyrir alla eða suma fararmáta með nýjum samgöngumannvirkjum eða breyttum reglum.
- g. **Hvaða viðmið verða notuð við að meta** hvort áhrif á umhverfi og samfélag teljast jákvæð, neikvæð, veruleg eða óveruleg, afturkræf eða óafturkræf. Viðmiðin geta verið umhverfisverndarmarkmið stjórnvalda á svæðis- og landsvísu og viðmiðunarmörk í lögum reglugerðum og alþjóðasamningum. Bent er á að skoða viðmið í [umhverfisskýrslu](#) með S&V (2010) en uppfæra þarf þann lista m.v. nýjar áætlanir og stefnuskjöl sem við geta átt á hverjum tíma.
- h. **Hvernig mat á áhrifum tillögunnar verður framkvæmt**, þ.e. hver metur og hvernig.
- i. **Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar**, þ.e. fagstofnanir og aðrir opinberir aðilar sem fara með málaflokka sem varða breytingartillöguna sem og landeigendur á viðkomandi svæði, sveitarstjórnir og aðra hagsmunaaðila eins og félagsamtök.
- j. **Lýsing á ferli við vinnslu breytingarinnar**, þ.e. helstu áfangar og tímasetningar og hvernig kynningu og samráði við skilgreinda hagsmunaaðila verður háttað sem og við almenning.

Athuga ber að ekki þarf að hafa langt mál um hvert þessara atriða og raunhæft að ætla að flestum tilfellum sé lýsing 3-6 blaðsíður með einhverjum skýringarmyndum, t.d. loftmynd af svæðinu sem um ræðir með útlínum og merkingum eftir þörfum. Ef um heildarendurskoðun er að ræða er lýsingin þó líklega efnismeiri.

⁵ Sbr. skilgreiningu á umhverfi í lögum um umhverfismat áætlana.

⁶ Vatnajökulspjóðgarður. Umhverfisskýrsla fyrir stjórnunar- og verndaráætlun. Maí 2010.

B. Umfjöllun, kynning og samráð um lýsingu

Þegar drög að verkefnislýsingu liggja fyrir er ferlið mismunandi eftir því hvort svæðisráð hafði frumkvæði að tillögugerðinni (a) eða stjórn (b).

- a. **Í þeim tilvikum sem svæðisráð á frumkvæði að breytingu:** Svæðisráð afgreiðir verkefnislýsingu til stjórnar og stjórn fjallar um og samþykkir að kynna og leita umsagna.
- b. **Í þeim tilvikum sem stjórn á frumkvæði að breytingu:** Stjórn sendir verkefnislýsingu til umfjöllunar svæðisráðs/-ráða (sem breytingin varðar) sem fjalla(r) um tillöguna og afgreiðir/afgreiða til baka til stjórnar. Stjórn fjallar um tillöguna að nýju og tekur afstöðu til afgreiðslu svæðisráðs/-ráða og samþykkir síðan að kynna verkefnislýsinguna og leita umsagna.
- c. **Verkefnislýsingin er send** til viðkomandi landeigenda, Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands og eftir atvikum annarra fagstofnana og hagsmunaaðila (sbr. lista yfir hagsmunaaðila í verkefnislýsingu) og óskað eftir umsögnum innan tilskilins frests. Lagt er til að frestur sé að lágmarki 3 vikur.

2. GREINARGERÐ: TILLAGA OG UMHVERFISMAT BREYTINGAR

Þegar umsagnir og ábendingar um verkefnislýsingu hafa borist er unnið úr þeim og breytingartillagan mótuð og áhrif hennar á umhverfi og samfélag metin. Tillagan er sett fram í greinargerð með eftirfarandi uppbyggingu og innihald, sem byggir á ákvæðum um efni umhverfisskýrslu í 6. gr. [laga um umhverfismat áætlana](#) og [leiðbeiningum Skipulagsstofnunar](#):

A. Samantekt

- a. Mörk og meginefni breytingar.
- b. Kynning og samráð við tillögugerðina.
- c. Umhverfismat dregið saman í stuttu máli.

B. Mörk, efni og ferli breytingartillögu

- a. Lýsa aðdraganda og efni breytingartillögu, þ.m.t. mörk svæðis, tilgangur og markmið, sbr. verkefnislýsingu en umsagnir og ábendingar við hana geta gefið tilefni til breytinga frá því sem áður var kynnt í verkefnilýsingu.
- b. Lýsa valkostum um efni/útfærslu breytingar, sem voru til skoðunar og bornir saman m.t.t. áhrifa á umhverfi og samfélag. Út frá umsögnum og ábendingum við verkefnislýsingu gæti verið ástæða til að breyta eða bæta við áður kynnta valkosti.
- c. Greina frá kynningu og samráði sem farið hefur fram í ferlinu, við hverja hefur verið haft samráð við vinnslu tillögunnar og hver afrakstur samráðs hefur verið, þ.e. hverjar eru helstu ábendingar og upplýsingar sem fengist hafa frá samráðsaðilum og hvernig unnið hefur verið úr þeim.

C. Tengsl við aðrar áætlanir

- d. Lýsing á tengslum breytingartillögunnar við skipulagsáætlanir, áætlanir ríkis og aðrar áætlanir sem tillagan varðar eða þarf að taka tillit til (sbr. lista yfir þær áætlanir í verkefnislýsingu). Greint frá tengslum við umhverfisviðmið eftir því sem við á.
- e. Lýsing á tengslum við umhverfismat S&V og umhverfismat annarra viðeigandi áætlana, þ.m.t. hvort búið er að meta tiltekin áhrif og hvort fjalla eigi um önnur áhrif á síðari stigum t.d. við deiliskipulagsgerð, til að forðast endurtekningu sama mats.
- f. Tilgreina hvort breytingin gerir ráð fyrir framkvæmdum sem háðar eru lögum um mat á umhverfisáhrifum, sbr. [1. og 2. viðauka þeirra laga](#).

D. Textabreytingar

- a. Hér er tilgreint skilmerkilega hvernig viðkomandi texti S&V er fyrir breytinguna og hvernig hann verður eftir breytingu. Ef breytt er skýringamynd eða korti er það sýnt fyrir og eftir breytingu, eða á annan hátt útskýrt á ótvíræðan hátt í hverju breytingin felst.

E. Umhverfisaðstæður

- a. Lýsa megin ástandi umhverfis á því svæði sem breytingin nær til, t.d. út frá þeim helstu umhverfisþáttum sem skilgreindir voru í verkefnislýsingu og m.t.t. umhverfisvandamála, verndargildis, viðkvæmni, gildandi stefnu/ákvæða fyrir svæðið, núverandi landnotkunar, innviða, aðgengis og þjónustu. Þessar upplýsingar eru nauðsynlegar svo hægt sé að spá fyrir um breytingar á umhverfinu vegna breytingartillögunnar og hvaða þætti þarf mögulega að vakta vegna áhrifanna.

F. Aðferðir við umhverfismat

- a. Lýsa hvaða aðferðum var beitt við matið, sbr. verkefnislýsingu, en þær kunna að hafa verið mótaðar nánar vegna umsagna og ábendinga við lýsingu.

G. Umhverfismat breytingartillögu

- a. Fjalla um áhrif mismunandi valkosta breytingartillögunnar á einstaka umhverfisþætti með hliðsjón af umhverfisviðmiðum og út frá því hvort áhrifin teljast jákvæð, neikvæð, veruleg, óveruleg, bein, óbein, líkleg, ólíkleg, varanleg eða afturkræf. Einnig hvort breytingin er líkleg til að valda samlegðaráhrifum með öðrum þáttum V&P. Hægt er að nýta matstöflur til að setja matið fram, sbr. [leiðbeiningar Skipulagsstofnunar](#).
- b. Bera valkosti saman m.t.t. niðurstaðna mats og rökstyðja þann valkost sem lagður er til. Gera grein fyrir hvort upphaflegar áherslur hafi breyst og hvort umhverfismatið hafi leitt í ljós að áætlunin hafi áhrif á aðra umhverfisþætti en gert var ráð fyrir í matslýsingu.
- c. Gera grein fyrir aðgerðum sem koma í veg fyrir, draga úr eða bæta fyrir veruleg neikvæð áhrif á tiltekna umhverfisþætti ef þau eru talin líkleg. Hér gæti verið um að ræða breytingar sem gerðar voru á tillögunni meðan hún var í mótun vegna röksemda sem komu fram við umhverfismatið.

H. Niðurstaða umhverfismats

- d. Setja fram niðurstöður umhverfismats, með upplýsingum um valkosti sem voru skoðaðir og hvaða þættir breytingartillögunnar eru taldir líklegri til að valda verulegum umhverfisáhrifum og á hvaða umhverfisþætti. Fram komi hvernig brugðist er við verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum ef matið leiddi þau í ljós. Einnig komi fram hvernig tekið er tillit til umhverfisverndarmarkmiða/-viðmiða og annarra umhverfissjónarmiða.
- e. Þessi niðurstöðukaflir er ekki það sama og samantekt sem birt er fremst í greinargerð breytingartillögu. Niðurstöðukaflinn er undirstaða fyrir afgreiðslu tillögu til auglýsingar og nýtist í greinargerð sem setja skal fram við lokaafgreiðslu breytingar skv. 9. gr. laga um umhverfismat áætlana (í þeim tilvikum sem breyting fellur undir þau). Í þeirri greinargerð þarf að koma fram hvernig umhverfissjónarmið hafa verið felld inn í áætlunina og hvernig höfð hefur verið hliðsjón af umhverfisskýrslu og athugasemdum sem bárust á kynningartíma við skipulagsáætlun og umhverfisskýrslu ásamt rökstuðningi fyrir endanlegri áætlun í ljósi þeirra valkosta sem voru skoðaðir.

I. Vöktunaráætlun

- a. Setja fram áætlun um vöktun neikvæðra áhrifa breytingar ef mat hefur leitt þau í ljós. Í henni komi t.d. fram hvað þarf að vakta og hvernig; hvers konar upplýsinga er þörf vegna vöktunar og hvar/hvernig þær verða fengnar; hver er ábyrgur fyrir vöktun og hvernig niðurstöður vöktunar verða nýttar.
- b. Tílefni getur verið til að vakta umhverfisáhrif þó umhverfismat hafi ekki leitt í ljós neikvæð umhverfisáhrif, sérstaklega ef óvissa ríkir um áhrif eða grunnupplýsingum er ábótavant.
- c. Ef ekki er talið tílefni til vöktunar þarf að koma fram rökstuðningur þar að lútandi í umhverfisskýrslu.

3. AUGLÝSING BREYTINGARTILLÖGU, UMSAGNAR- OG ATHUGASEMDAFRESTUR

A. Afgreiðsla til auglýsingar

Þegar drög að verkefnislýsingu liggja fyrir er ferlið mismunandi eftir því hvort svæðisráð hafði frumkvæði að tillögugerðinni (a) eða stjórn (b).

- a. Í þeim tilvikum sem svæðisráð á frumkvæði að breytingu: Svæðisráð afgreiðir breytingartillögu til stjórnar og stjórn fjallar um og samþykkir að auglýsa tillöguna.
- b. Í þeim tilvikum sem stjórn á frumkvæði að breytingu: Stjórn sendir breytingartillöguna til umfjöllunar svæðisráðs/-ráða (sem breytingin varðar) sem fjalla(r) um tillöguna og afgreiða/afgreiða til baka til stjórnar. Stjórn fjallar síðan um afgreiðslu svæðisráða og samþykkir að auglýsa breytingartillöguna (með eða án breytingar frá afgreiðslu svæðisráða) og leita umsagna um hana.

B. Auglýsing breytingartillögu með athugasemda- og umsagnarfresti

- a. Breytingartillagan er auglýst opinberlega og almenningi og hagsmunaaðilum gefinn kostur á að gera athugasemdir innan sex vikna (lögboðið lágmark) frá birtingu auglýsingar (lengja má frest ef tilefni þykir til).
- b. Tillagan er einnig send til skilgreindra hagsmunaaðila til umsagnar og þeim gefinn sami athugasemdafrestur. Sama á við um Náttúrufræðistofnun, Umhverfisstofnun og aðrar fagstofnanir sem hafa komið að mótun breytingarinnar.

4. LOKAAFGREIÐSLA

A. Úrvinnsla úr athugasemdum og tillaga að lokaafgreiðslu

- a. Stjórn vinnur úr athugasemdum og gerir tillögu til svæðisráðs/-ráða að lokaafgreiðslu.
- b. Svæðisráð fjallar um tillögu stjórnar að lokaafgreiðslu og afgreiðir/afgreiða breytingartillögu fyrir sitt leyti.

B. Samþykkt og staðfesting breytingartillögu

- a. Stjórn fjallar um afgreiðslu svæðisráðs/-ráða og samþykkir breytingartillögu.
- b. Tillaga stjórnar að breytingu á stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð er send ráðherra til staðfestingar.
- c. Þegar ráðherra hefur staðfest breytingu á stjórnunar- og verndaráætlun er hún auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og tekur hún gildi við birtingu.

Viðauki vegna stækkunar

Við stækkun þjóðgarðsins koma eðlilega inn ný svæði sem setja þarf stefnu um, í samræmi við verndargildi, staðhætti, aðgengi og fleira. Þá má útbúa viðauka við stjórnunar- og verndaráætlun með því efni sem bæta þarf við vegna stækkunarinnar. Um slíkan viðauka gildir allt það sama og lýst er hér fyrir ofan. Munurinn á þessu tvennu er ekki skilgreindur í lögum um þjóðgarðinn en ætla má að um viðauka gildi eftirfarandi:

- Í viðauka eru ekki gerðar breytingar á almennum ákvæðum eða stefnu sem gildir um önnur svæði en þau sem stækkun þjóðgarðsins nær yfir.
- Viðbætur eru settar fram um efni 9. kafla, þ.e. um sérstök verndarsvæði, vegi og annað sem þar er kveðið á um. Gæta þarf þess að efnistöð og framsetning sé í samræmi við þá sem fyrir er.
- Almennum lýsingum á sérstöðu og náttúrufari í þjóðgarðinum í 3. kafla er ekki breytt nema að því marki sem nauðsynlegt er til að þær séu réttar eftir viðbótina. Augljóslega þarf að uppfæra kort.
- Almennt er ekki um að ræða breytingar á öðrum köflum en þeim 3. og 9.

Aðalatriðið er að þegar kynntur er viðauki vegna tiltekinnar stækkunar geti hagsmunaaðilar treyst því að ekki sé verið að breyta á neinn hátt stefnu og stjórnun á öðrum svæðum.

Nú kann að vera þörf fyrir það að gera einhverjar almennar breytingar á stjórnunar- og verndaráætlun um svipað leyti og þjóðgarðurinn er stækkaður. Þá á stjórn þjóðgarðsins val um það að setja fram hvort tveggja í einni breytingu, þ.e. bæði almenn atriði og sértæk atriði sem eiga við um stækkunina, eða halda þessu aðskildu. Ef atriðunum er haldið aðskildum með því að kynna um líkt leyti breytingu vegna almennra atriða og viðauka vegna stækkunar fæst e.t.v. skýrari mynd af því hvaða efnisatriði munu breytast. Mögulega er líka mótun breyttrar stefnu og ákvæða að einhverju leyti ólík, t.d. varðandi það hvaða svæðisráð, hagsmunaaðilar og umsagnaraðilar koma að mótuninni og segja síðan álit sitt þegar tillaga er auglýst. Almennt er óhætt að mæla með því að halda aðskildum atriðum sem eiga sér ólíkar forsendur og varða ólíka hagsmuni til þess að skerpa fókus í mótun og umfjöllun. Þetta þarf þó að veða og meta hverju sinni.

Greining á forsendum með landupplýsingum

Mörkun stefnu og ákvæða um vernd eða nýtingu tiltekinnna svæða innan þjóðgarðsins þarf að byggjast á greinargóðum upplýsingum, t.d. um staðhætti, náttúruafar, minjar, innviði o.fl. Á síðustu misserum hefur aukist mjög framboð landupplýsinga frá fagstofnunum og úrval gervitunglamynda sem sjálfsagt er að nýta við greiningu á forsendum og mótun tillagna. Að auki gefa þessar upplýsingar tækifæri til aðgengilegrar miðlunar á kortum og í vefsíám. Fáanlegur er opinn og ókeypis hugbúnaður til að meðhöndla og setja fram upplýsingar af þessu tagi. Hér fyrir neðan er tæpt á nokkrum atriðum sem gætu skipt máli fyrir mótun tillagna um breytingar eða viðbætur við stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs:

- ❑ Landmælingar Íslands gegna lykilhlutverki í að veita aðgang að stafrænum landupplýsingum og upplýsingum um þær, sbr. [lög nr. 44/2011](#). Stofnunin rekur [landupplýsingagátt](#) þar sem finna má allan þorra landupplýsinga sem fyrirfinnast á landinu. Stofnunin viðheldur sjálf grunnupplýsingum um t.d. hæð, vatnafar, strandlínu, vegi, örnefni og fleira sem settar eru fram undir heitinu IS 50V. Allar þessar upplýsingar eru aðgengilegar til niðurhals á vef stofnunarinnar eða gegnum landupplýsingaþjónustur.
- ❑ Aðrar fagstofnanir kynna sínar upplýsingar í landupplýsingagátt LMÍ en það er nokkuð ólíkt milli stofnana hvernig aðgangur er veittur að gögnunum. Auk gagna LMÍ, einkum IS 50V, er líklegt að gögn Náttúrufræðistofnunar skipti máli fyrir stjórnunar- og verndaráætlun.
- ❑ Af gervitunglagögnum má, auk venjulegra loftmynda, helst nefna myndir frá Sentinel gervitunglunum sem fara yfir hvern blett á jörðinni á u.þ.b. þriggja daga fresti og taka myndir með 10m upplausn. Oft er þó skýjað á því svæði sem áhugi er á og því líður oftast lengra milli nothæfra mynda. Þessar myndir eru með 8 litabönd og bjóða upp á margvíslega úrvinnslu. Myndirnar má fá án endurgjalds.

- ❑ Hæðargögn skipta miklu máli, t.d. við greiningu á sýnileika og vatnsrennsli. Hæðarlíka, er hluti af IS 50V en nú hafa bæst við mun nákvæmari gögn, IslandDEM sem unnin eru úr gervitunglamyndum og hafa 2m upplausn. Þessi gögn sýna líka vel eðli yfirborðsins.
- ❑ Samræma þarf skipulagsáætlanir og stjórnunar- og verndaráætlun. Skipulagsstofnun miðlar gögnum um afmörkun deiliskipulags og svæðisskipulags en sveitarfélagamörk gilda um aðalskipulag. Sjá má þessi mörk í skipulagsvefsjá og sækja skipulagsgögn.
- ❑ Mörk þjóðgarðsins eru sett fram í reglugerð en þar er þeim lýst í texta, sem yfirfæra þarf í hnit til birtingar á kortum. Athuga ber að oft kemur fram ósamræmi í gögnum ólíkra opinberra aðila sem þó mætti ætla að eigi í sumum tilfellum að falla saman, t.d. eignamörk, þjóðlendumörk, afmörkun miðhálandis, mörk friðlýstra svæða og sveitarfélagamörk.